



Aðildarskólar að NOVA

Landbúnaðarháskóli Íslands

University of Aarhus / Faculty of Agricultural Sciences

University of Helsinki / Faculty of Agriculture and Forestry

University of Helsinki / Faculty of Veterinary Medicine

Swedish University of Agricultural Sciences

University of Eastern Finland / School of Forest Sciences

Nemendur sem sækja um að taka hluta af meistara- eða doktorsnámi sínu við einhvern af NOVA skólunum verða að fylla út umsókn sem þeir geta fengið hjá alþjóðafulltrúa - ásamt almennri umsókn í viðkomandi skóla.

Nemendur LbhI geta sótt námskeið á vegum BOVA, systursamtaka NOVA í baltnesku löndunum og fengið til þess ferða- og upphaldsstyrk.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðunni: <http://www.bova-university.org/>

Umsóknarskilyrði

Til að eiga rétt á að sækja um nemendastyrki til NOVA/BOVA-Nordplus þurfa nemendur að uppfylla eftirfarandi atriði:

1. Nemandi er í fullu námi í NOVA/BOVA-skóla
2. Nemandi dvelur í 1-12 mánuði í NOVA/BOVA-skóla
3. Námið er metið til eininga milli skóla
4. Nemandi verður að flytja í það land sem skiptinámið er
5. Nemandi verður að hafa lokið 60 ECTS áður en skiptinám hefst

Fyrir nám sem er lengur en fjórar vikur geta nemendur sótt um upphaldsstyrk auk ferðastyrks. Upphæð ferðastyrks fer eftir áfangastað. Fyrir námskeið sem eru a.m.k. fimm dagar (en styttri en fjórar vikur) geta nemendur LbhÍ sótt um ferðastyrk. Nemendur á BS og MS stigi geta sótt um NOVA/BOVA Nordplus ferða- og upphaldsstyrki. Athugið að styrkirnir hafa ekki áhrif á námslán LÍN.